

Fundargerð 45. fundar

skipulagsmálanefndar sambandsins

Árið 2022, föstudaginn 10. júní kl. 10:30 kom Skipulagsmálanefnd sambandsins saman til fundar í Virkisbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Dagbjört Jónsdóttir, Gauti Jóhannesson, Pawel Bartoszek og Sveinn Pálsson.

Að auki sátu fundinn Kristín Ólafsdóttir lögfræðingur, Valgerður Rún Benediktsdóttir lögfræðingur og Guðjón Bragason sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Jón Kjartan Ágústsson boðaði forföll en í hans stað tók Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu þátt í umfjöllun um tillögur starfshóps um umbætur í húsnæðismálum undir 1. lið. Jafnframt voru starfsmenn sambandsins búnir að funda sérstaklega með Jóni Kjartani til að ræða 2. lið fundarins. Anna Guðrún Björnsdóttir sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs og Óttar Freyr Gíslason forstöðumaður Brussel-skrifstofu sambandsins voru gestir fundarins og tóku þátt í umfjöllun um 2. lið.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Skipulagsmálanefnd sambandsins - fundargerðir o.fl. 2018-2022 - 2009346SA

Rætt var almennt um helstu verkefni, s.s. stöðu helstu þingmála við lok vorþings. Fyrir Alþingi liggja allmörg mál sem varða sveitarfélögin, s.s. frumvarp til heildarlaga um loftferðir, þingsályktunartillaga um byggðaáætlun, þingsályktunartillaga um 3. áfanga rammaáætlunar og frumvarp til breytinga á skipulagslögum (raflínuskipulag). Öll þessi mál eru enn í nefnd þótt skammt sé eftir af starfstíma Alþingis.

Fram voru lagðar til kynningar og umræðu tillögur starfshóps um umbætur á húsnæðismarkaði. Framundan er vinna við gerð rammasamkomulags milli ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga á grundvelli tillagna starfshópsins. Samhljómur var á fundinum um mikilvægi þess að vel takist til í þeirri vinnu enda er húsnæðisskortur vandamál nánast um allt land.

Páll Björgvin Guðmundsson vék af fundi.

2. Stefnumörkun sambandsins 2022-2026 - 2203042SA

Meginefni fundarins var undirbúningur stefnumörkunar sambandsins 2022-2026 sem verður til umfjöllunar á landsþingi sambandsins í september. Lögð voru fram tvö skjöl; yfirlit um stöðu aðgerða í stefnumörkun 2018-2022 og yfirlit um áherslur sem ræddar voru á umræðufundi 4. apríl s.l. Sérstök áhersla verður á að tengja aðgerðir í stefnumótun næsta kjörtímabils við áskoranir í loftslagsmálum og byggðamálum, ásamt því að tengja aðgerðir við Heimsmarkmið SP um sjálfbærni og horfa til áhrifa

tillagna á jafnrétti kynjanna.

Ábendingar sem fram komu í umræðum varðandi helstu áskoranir framundan og hvernig miðað hefur á grundvelli gildandi stefnumörkunar sambandsins munu nýtast vel sem efniviður í frekari undirbúning stefnumörkunarinnar.

Fyrirséð er að breytingar verða á skipun nefndarinnar eftir landsþing sambandsins í haust. Voru nefndarmönnum færðar þakkir fyrir þeirra vinnu á því kjörtímabili sem nú er að ljúka.

Fundi var slitið kl. 13:00

Dagbjört Jónsdóttir

Gauti Jóhannesson

Pawel Bartoszek

Sveinn Pálsson